

#### 49. stjórnarfundur haldinn í síma þann 7. júlí 2011

Mætt: Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Hjalti Þór Vignisson, Böðvar Pétursson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. Aðrir boðuðu forföll.

Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritar fundargerð.

Rósa bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár kl. 12.30.

#### 1. Nýtt verkefni frá umhverfisráðuneytinu

Kom fram umhverfisráðuneytið hafi ákveðið að skoða grundvöll að stofnun nýrrar stofnunar um rekstur þjóðgarða sem heyra undir umhverfisráðuneytið. Ef af yrði kæmi til breyting á öðrum stofnunum sem heyra undir umhverfisráðuneytið. Tímasetningar sem um ræðir er að greiningarvinna fari af stað sem standi fram að hausti og tillögur eigi að fara til ráðherra í október. Haft verður samband við stjórn og starfsmenn í ferlinu.

Stjórnin minnir á að skv. lögum um þjóðgarðinn er bráðabirgðarákvæði sem segir að stjórnskipulag garðsins eigi að endurskoða fyrir lok árs 2012 í samráði við sveitarstjórnir á svæðinu. Telur stjórnin að tímafrestur í málinu væri þröngur og engin ástæða til að hafa hann svo þröngan hvað þjóðgarðinn varðar. Rökin eru meðal annars þau að þjóðgarðurinn hefur verið að byggja sig upp og er að mörgu leyti á viðkvæmu skeiði í sinni sögu, m.a. vegna samráðsferlis um samgöngur.